



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að breyta inntökuskilyrðum í Klettaskóla

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst 2018 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 52. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018, ásamt greinargerð, vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að inntökuskilyrði í Klettaskóla verði endurskoðuð og í stað greina 1 og 2 þar sem segir: „Innritun í Klettaskóla. 1. Klettaskóli er einn af grunnskólum Reykjavíkur og er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Skólinn er fyrir nemendur með: miðlungs, alvarlega og djúpa þroskahömlun með eða án viðbótarfatlana væga þroskahömlun og skilgreinda viðbótarfötlun/fatlanir s.s. einhverfu, blindu, heyrnarleysi og alvarlega hreyfihömlun“ skal koma einungis: „Klettaskóli er sérskóli sem ætlaður er börnum með sérþarfir vegna þroskahömlunar. Umsóknir eru metnar í samvinnu við foreldra á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um nemandann.“

Nemendafjöldi Klettaskóla er nú orðinn umtalsvert umfram það sem stjórnendur skólans telja að skólinn rúmi. Á skólaárinu sem er nýhafið eru nemendur alls 130 talsins og ekki er fyrirsjáanlegt að nemendum fækki í skólanum á komandi árum. Öll börn sem sótt hefur verið um fyrir og hafa fallið undir inntökuvíðmið skólans hafa hingað til fengið þar skólavist. Þau börn sem hafa fengið höfnun á skólavist á undanförunum árum hafa ekki uppfyllt inntökuvíðmið skólans.

Þær fatlanir sem einkenna nemendahóp skólans hafa á undanförunum árum þyngst verulega. Um er að ræða alvarlegar þroskahamlanir, miklar hreyfihamlanir og verulega hamlandi einhverfueinkenni svo og alvarlegar skynhamlanir. Auk þess er vaxandi fjöldi nemenda alvarlega langveikir t.d. mjög alvarlega krampaveikir nemendur (m.a. Dravet heilkenni). Þetta er því afar viðkvæmur hópur sem þarf mikla faglega og markvissa sinningu. Aukin þörf hefur því orðið á undanförunum árum fyrir fleiri starfsmenn og aukið rými vegna margvíslegra hjálpartækja.

Leita hefur þurft allra leiða varðandi húsnæði skólans, annars vegar svo nemendahópurinn komist þar fyrir á ásættanlegan hátt og hins vegar til að aðlaga það þörfum þessa nemendahóps.

Skólinn og aðstaða hans hefur því á undanförunum árum verið aðlagð að sífellt þyngri og flóknari fötlunum en á sama tíma hafa þrengsli aukist vegna nemendafjöldans. Nauðsynlegt er því að skoða sérstaklega og markvisst málefni og framtíð Klettaskóla, varðandi nemendafjöldann, húsnaðisþörfina, mönnun og fjármagnsþörf. Svára þarf spurningum um hve stór skólinn eigi að vera fyrir þann nemendahóp sem nú er í skólanum. Samkvæmt mati starfshóps sem vann að undirbúningi sameiningar Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla ætti slíkur skóli að miðast við 70 til 90 nemendur.

Samkvæmt upplýsingum frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er ekki fyrir séð að í þeim árgöngum sem nú eru í leikskólum fari alvarlega fötluðum börnum fækkandi sem munu þurfa á sérskólaúrræði eins og Klettaskóla að halda.

Í ofangreindri tillögu er kallað eftir því að inntökuviðmiðum Klettaskóla verði breytt. Ljóst er að Klettaskóli getur ekki tekið við stærri nemendahópi en er þar nú þegar. Einnig er skýrt í inntökureglum skólans að séu umsóknir fleiri en rúm er fyrir í skólanum skal þeim forgangsraðað eftir því hve hamlandi fötlun umsækjenda er varðandi nám og skólagöngu. Það er því ekki fyrir séð að skólinn geti tekið við nemendum með vægari fatlanir en nú eru í skólanum miðað við óbreytt húsnaði hans. Það verður því ekki séð að breytingar á inntökuskilyrðum í skólann feli í sér að nemendur með vægari fatlanir yrðu teknir þar inn ef umsóknum verður áfram forgangsraðað eftir því hve hamlandi fötlun umsækjenda er.

Í tillögunni er lagt til að umsóknir skuli metnar í samvinnu við foreldra á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um nemandann. Núverandi inntökureglur kveða á um að foreldrar sem hyggjast sækja um skólavist fyrir barn sitt skuli kynntur skólinn með heimsókn foreldris og barns áður en umsókn er tekin fyrir. Þetta ákvæði er sett inn í reglurnar til að tryggja að foreldrar geti tekið upplýsta ákvörðun um hvort skólaumhverfið og nemendahópurinn sem barnið muni verða með henti barninu. Einnig kemur fram í reglunum að tillögur fagráðs um inntöku skuli taka mið af óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs hans og þroska. Til viðbótar er kveðið á um að fagráðið skuli taka mið af hvort aðstæður og möguleikar í skólanum/námshópnum séu líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.

Þegar þátttökubekkur Klettaskóla var settur á fót 2013 voru það viðbrögð við ábendingum starfsfólks skólanna og foreldra að þörf væri á fleiri og fjölbreyttari sérúrræðum fyrir nemendur með þroskahömlun. Þátttökubekkurinn var kynntur fyrir skólastjórum, skólaþjónustu og á heimasíðu Klettaskóla þegar hann var settur á stofn. Þar til nú hafa umsóknir í bekkinn ekki verið margar og hafa verið laus pláss í bekknum þar til nú í vetur. Eftirspurnin reyndist því minni en gert var ráð fyrir og bekkurinn ekki fullsetinn fyrr en nú á þessu skólaári.

Til stóð að bekkirnir yrðu 4 í borginni en þar sem eftirspurn eftir skólavist í þátttökubekk hefur verið lítil þar til nú hefur stofnun fleiri slíkra bekkja verið slegið á frest hingað til.

Sömu inntökuviðmið hafa gilt um skólavist í þátttökubekknunum og í Klettaskóla sjálfum. Til umræðu hefur verið á undanförunum árum hvort endurskoða skuli þau viðmið og gera þau þannig að það/þau úrræði standi börnum með vægari þroskahamlanir/fatlanir til boða.